



Klámið í allri sinni mynd

Erótík, femínískt klám og klámvæðing

Katrín Ósk Kjellsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Klámið í allri sinni mynd
Erótík, femínískt klám og klámvæðing

Katrín Ósk Kjellsdóttir

Lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði
Leiðbeinandi: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júni, 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Katrín Ósk Kjellsdóttir

Reykjavík, Ísland 2013

Formáli

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA gráðu í félagsfræði við Háskóla Íslands. Áhugi minn á þessu verkefni kviknaði þegar ég gerði rannsókn í áfanganum Karlar og karlmennska, sem fjallaði um birtingarmyndir karla í hip hop myndböndum. Út frá því fór ég að skoða hvernig birtingarmyndir kynjanna eru mismunandi í slíkum myndböndum og í afþreyingariðnaðinum öllum. Í kjölfar þess vildi ég skoða hugtökin klám, erótík og femínískt klám og hver greinarmunurinn væri á þeim. Það leiddi til þess að ég fór að fjalla um klámvæðinguna og afleiðingar hennar.

Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og færi ég henna miklar þakkir fyrir yfirlestur á ritgerðinni og gagnlegar athugasemdir við gerð hennar. Auk þess vil ég þakka Helgu Ólafs og Ingunni Önnu Ragnarsdóttur mágkonum mínum, fyrir dygga aðstoð og mikla hvatningu. Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem standa mér næst fyrir ómældan stuðning.

Útdráttur

Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er hugtakið klám, klámvæðing og áhrif þess á samfélagið. Fjallað er um mismunandi skilgreiningar kláms en stuðst við skilgreiningu Russel á klámi. Hún er sú að klám sé efni sem sýnir kynlíf eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu, þannig að slík hegðun sé studd, látinn óátalin eða jafnvel hvatt til hennar. Fjallað er um sögulega þróun klámsins, hvenær klámið birtist fyrst og hvar það er í dag. Þá eru hugtökin erótík og femínískt klám skoðuð og hvernig skilgreiningar á þeim hugtökum standa. Í seinni hluta ritgerðarinnar er fjallað um klámvæðinguna, skilgreiningu á henni og áhrif á samfélagið. Fjallað er um birtingarmynd klámvæðingar í fjölmiðlum og afþreyingariðnaðinum, til að mynda í tónlist og tísku, og netvæðingu klámsins, aukið aðgengi að klámi og notendur þess. Í lok ritgerðarinnar er fjallað um áhrif klámvæðingarinnar og hvaða afleiðingar hún getur haft.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Hvað er klám?	7
2.1	Söguleg þróun kláms	8
2.2	Klám og lagabókstafurinn	9
2.3	Áhrif kláms og afleiðingar	10
3	Hvað er erótík?	12
3.1	Munurinn á erótík og klámi	13
3.2	Femínískt klám	14
3.3	Klámleikstjórinn Erika Lust	15
4	Hvað er klámvæðing?	17
4.1	Klámvædd menning	18
4.2	Netvæðing klámsins	20
4.3	Afleiðingar klámvæðingu	22
5	Umræðukafli og lokaorð	24
	Heimildaskrá	27

1 Inngangur

Kynlíf er eðlislægur hluti af lífi fólks. Klám hefur löngum verið hjálpartæki kynlífsins og hefur þróast mikið með tímanum, allt frá því að safnarar og veiðimenn skáru út í tré myndir sem áttu að örva líkamann, til dagsins í dag, þar sem menn geta horft á konur niðurlægðar í hrottafullu klámi á netinu. Í ritgerðinni er stuðst við skilgreiningu Russells (1998) á klámi, en samkvæmt henni er klám niðurlægjandi fyrir konur og birtingarmynd þess ofbeldisfull.

Ritgerðin er skipt upp þannig að í fyrsta kafla mun ég fjalla um skilgreiningar á hugtaki klám, sögulega þróun þess og kynlífsbyltinguna. Í öðrum kafla fjalla ég um erótík og skilgreiningar á því hugtaki, ásamt því að skoða hver munurinn er á klámi og erótík. Fjallað verður sérstaklega um femínískt klám sem hefur jafnan verið kallað erótík og viðhorf Eriku Lust (e.d.). Erika Lust er sænskur handritahöfundur, leikstjóri og framleiðandi á kvenlægu klámi. Hún er frumkvöðull á sínu sviði og hefur unnið til margra verðlauna fyrir femínískar klámmyndir og vakið mikla athygli fyrir myndir á borð við *Five hot stories for her*. Í þriðja kafla mun ég fjalla um svokallaða klámvæðingu, hvað það er sem einkennir klámvæðinguna og hvaða afleiðingar hún getur haft í för með sér. Einnig mun ég fjalla um afþreyingariðnaðinn, tónlistarmenningu og tískumenningu og hvernig hún er lituð af kynlífsvæðingunni. Þá mun ég fjalla um hvernig tilkoma veraldarvefsins breytti aðgengi að klámi. Í lok kaflans skoða ég afleiðingar klámvæðingarinnar og hver áhrif hennar eru á kynin og ólíka aldurshópa. Í lokorðunum mun ég draga saman niðurstöður ritgerðarinnar, leggja mat á þá þekkingu sem ég öðlaðist við skrif ritgerðarinnar. Í kjölfar þess skoða ég hvað væri áhugavert að rannsaka í framhaldi af þessari ritgerð. Aðalmarkmið ritgerðarinnar er að öðlast dýpri og margþættari skilning á hugtökunum klám, erótík og klámvæðing og skoða hvaða afleiðingar þau geta haft í för með sér.

2 Hvað er klám?

Í gegnum tíðina hefur nekt verið hugleikin mannum líkt og sjá má á aldargömlum myndum og líkneskjum af pörum í ástarlotum, ljóðatextum og fornum textum. Nekt er bæði í senn okkur eðlislæg og forboðin. Hugtakið klám (*pornography*) kemur úr forn grísku, *porné* og *graphos*, sem þýðir að skrifa um hórur. Orðið *porné* þýðir hóra, nánar tiltekið hóra af lægstu stétt samfélagsins, hóra sem stóð grískum karlmönnum úr yfirstéttinni til boða, sem stöðuleikatákn, í forn Grikklandi (Dworkin, 1981).

Það er vandasamt að skilgreina klám. Munurinn á því hvað telst vera klúrt, klámfengið eða erótískt getur verið mjög mismunandi. Það sem einum þykir vera gróft klám getur öðrum þótt vera erótík. Samkvæmt Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur, hjúkrunar- og kynfræðing (2009), hafði klám hér áður fyrr ekkert með kynlíf að gera, heldur fyrst og fremst löngun í einhverja grófa athöfn. Nú á tímum er klám iðulega skilgreint sem tiltekið efni sem misbýður fólki. Vissulega er það mismunandi hvaða merkingu hver og einn leggur í hugtakið klám, en hin upprunalega merking, þessi neikvæða, litar að mati Jónu Ingibjargar viðhorf margra að lítt hugsuðu máli (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

McQuail (2005) telur að klám hafi verið notað til þess að skilgreina fjölmiðlaefni sem inniheldur framsetningu á kynferðislegu efni og senum sem fara yfir siðgæðismörk almennings, það er að segja það sem fólk kærir sig ekki um að horfa á. Það hefur verið gert með því að móðga og niðurlægja konur og börn, sem hafa þá verið gerð að fórnarlömbum í sumu klámi. McQuail bendir á að af einhverjum ástæðum sé síðan gert ráð fyrir að aðalmarkmið kláms sé að veita kynferðislega örvun. (McQuail, 2005).

Óhætt er að segja að hugtakið klám sé umdeilt. Margir einstaklingar, og þá sérstaklega konur, hafa óbeit á klámi sem á meðal annars. rætur að rekja til þess hvernig birtingarmynd kvenna hefur þróast í klámmyndum, en þær eru oft bundnar, rassskelltar eða hafðar í niðrandi stellingum. Þannig eru konur oft þolendur kynferðislegra pyntinga í klámfengnum myndum og gefið í skyn að þær njóti þess. Klámfengnar myndir eru því oft fjarri raunveruleikanum, óháð pyntingum (Johanson, 1992). Russell skilgreinir klám sem „eitthvað tiltekið myndefni sem sýnir kynfæri eða kynlíf í tengslum við niðurlægingu og/eða misnotkun, þannig að hegðunin sé studd eða jafnvel hvatt til hennar“ (Russell, 1998, bls. 3). Að mati Dworkin (2000) felur klám í sér að konan er misnotuð af karlmanninum í gegnum kynlíf og þannig hafi klám skaðleg áhrif á allar konur. Skaðsemin er hljóðlát og felur í sér ójöfnuð og misnotkun á konum. Klám stuðlar þannig að niðurlægingu kvenna (Dworkin, 2000).

Samkvæmt Shere Hite hefur klámið þau áhrif á hugmyndir karla að allar konur séu söluvarningur. Klámið upphefur ekki konuna og margir sem horfa á klámmyndir fyllast fyrirleitningar gagnvart konunum í myndunum, sama hversu fallegar þær eru. Algeng leið karla til þess að horfa á klám er að gera það saman í hópi og gagnrýna konurnar sem um er að ræða (Hite, 1993)

Það kunna að vera til margar skilgreiningar á klámi, en neikvæða myndin sem móðgar og niðurlægir oft konuna, er sú sem virðist vera hvað mest notuð.

2.1 Söguleg þróun kláms

Kynlíf hefur alla tíð leikið stórt hlutverk í lífi fólks. Allt frá því fyrir um 30.000 árum síðan skáru safnarar og veiðimenn út myndir í steina og tré af brjóstastórum konum. Samkvæmt Stephanie Pappas (2010) byrjaði klámið að breiðast út á 18.öld. Erótískar bókmenntir litu dagsins ljós og fyrsta erótíska bókin í fullri lengd, *Memoirs of a women of pleasure*, einnig þekkt sem *Fanny Hill*, kom út í Bretlandi árið 1748. Árið 1888 skrifaði ónefndur rithöfundur bókina *My secret life* enda fylgdi það hættunni heim að láta nafns síns getið ef maður skrifaði kynlífsbækur, því sá hinn sami gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist fyrir vikið. Árið 1839 litu fyrstu klámljósmyndirnar dagsins ljós með verkum Louis Dagurre en talið er að fyrsta ljósmyndin sem sýndi lim fara inn í leggöng hafi verið sýnd árið 1846. Í lok 19. aldar hófu menn að búa til hljóðlausar stuttmyndir með klámfengnu efni, m.a. myndina *Le Coucher de La Marie*, en þar fækkaði leikkona fyrst fötum á skjánum. Í byrjun 20. aldar varð klámið grófara og gjarnan sýnt á karlasamkomum (Pappas, 2010).

Blaðamaðurinn og rithöfundurinn Tom Hickman segir frá því í bók sinni *The sexual century* að árið 1960 voru til um það bil 20 kvikmyndahús í Bandaríkjunum sem sýndu eingöngu klámmyndir. Áratug síðar voru þau orðin 750 talsins, sem flest öll heyrðu undir „kisulórukeðjunna“ (*Pussycat chain*) í eigu David Friedman. Friedman tók upp á því að fjarlægja annað hvert sæti í bíosalnum til þess að menn fengju gott pláss til þess að athafna sig yfir myndunum. Konur voru sjaldan gestir í þessum bíósölum. Árið 1972 kom klámmyndin *Deep Throat* út sem var sýnd í kvikmyndahúsum. Hún var sú fyrsta sinnar tegundar að því leyti að myndin var með söguþráð með húmor. Sagan gekk út á það að aðalleikkonan, Linda Lovelace, gat ekki fengið fullnægingu í leggöngum sökum þess að snípurinn var staðsettur í hálsinum hennar en ekki við kynfærin. Þetta gerði það að verkum að hún vildi ólm stunda munnmök við karlmenn. Kvikmyndin sló rækilega í gegn og varð mjög tekjuhá (Hickman, 1999).

Í kjölfar myndbandstækjanna dró verulega úr því að kvikmyndahúsin sýndu klámmyndir en myndbandsspólurnar tóku hins vegar við. Fjölmargir nýttu sér tæknina og horfðu á klámmyndir í myndbandatækjunum heima hjá sér. Auðvelt var að nálgast klám á myndbandsspólum og markaðurinn fyrir slíkt efni varð mjög stór. Fjölmargar myndbandsleigur leigðu út klámmyndir undir flokknum ljósbláar eða bláar myndir, allt eftir því hve grófar þær voru. Klámvæðingin jókst töluvert í kjölfar veraldarvefsins og gróði klámmyndaframleiðenda jókst umtalsvert (Hickman, 1999).

Veraldarvefurinn hefur verið einn vettvangurinn fyrir klám og nánast komið í stað myndbandsspóla og klámblaða. Það er því óhætt að segja að tímarnir hafi breyst í klámiðnaðinum – allt frá því að menn áttu yfir höfði sér fangelsisvist fyrir ritun kynlífssagna, til þess að klámið varð aðgengilegt nær öllum í gegnum veraldarvefinn.

2.2 Klám og lagabókstafurinn

Klám er ólöglegt á Íslandi en þrátt fyrir það er það ekki skilgreint í íslenskum lögum. Hins vegar hefur verið tekið fram í almennum hegningarlögum að það sé bannað að framleiða og/eða flytja inn klámefni til dreifingar eða sýna það opinberlega. Mikilvægustu ákvæðin um klám í íslenskri löggjöf er að finna í 210 gr. almennra hegningarlaga, en þar segir:

“Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum. Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti. Hver sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum (Þingskjal 625,2000-2001).

Hugtakið sjálft er ekki skilgreint í hegningarlögunum né í öðrum lögum. Frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940 er ljóst að innihald hugtaksins gæti hafa tekið stakkaskiptum í samræmi við breytt þjóðfélag og opnari umræðu er varða kynferðismál (Þingskjal 625, 2000-2001). Jóna Ingibjörg Jónsdóttir(2009) hefur því velt fyrir sér að hve miklu leyti þessi lög eiga við í samtímanum, sem og gagnsemi þeirra. Hvernig má það vera að hægt sé að fangelsa einstakling fyrir dreifingu á klámi ef það liggur ekki fyrir hver skilgreiningin á klámi er spyr Jóna Ingibjörg og bendir á að á sjötta áratugnum sýndu

t.a.m. glanstímaritin konur í stuttum kjólum en á þeim tíma var það talið vera klám. Fæstir væru sammála þeirri skilgreiningu í dag (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Héraðsdómur og Hæstiréttur Íslands fara eftir skilgreiningum sérfræðinefndar Sameinuðu þjóðanna á klámi viðvíkjandi dómsmál. Skilgreiningin er frá árinu 1986 og hún gerir greinarmun á klámi (*pornografía*) og kynþokkalist (*erotica*). Klám er samkvæmt skilgreiningunni „ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar” en kynþokkalist er „bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar” (Sigríður Ingvarsdóttir, Bragi Guðbrandsson, Erna Hauksdóttir, Karl Steinar Valsson, Lára Björnsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Þórólfur Þórlindsson, 2002).

Fjölmiðlafræðingurinn Guðbjörg Hildur Kolbeins greinir frá því í svari sínu á Vísindarvefnum að skilgreining á klámi sé hvergi í lögum, þar sem að klám sé hugtak sem eigi að skilgreina eftir þeim gildum og viðmiðum sem gilda í samfélaginu á hverjum tíma, það sé síðan verk dómstóla að úrskurða hvað það er sem fellur undir klám og hvað ekki. Ef það kynferðislega efni sem er á boðstólum hér á landi er skoðað, kemur fljótt í ljós að 210 gr. almennra hegningarlaga er brotin. Sem dæmi má nefna franska bíómyndin *Baise Moi* eða á íslensku *Ríddu mér* sem var sýnd í Regnboganum á sínum tíma, sú mynd virðist ekki vera frábrugðin öðrum klámmmyndum, en fékk sýningarleyfi af því að myndin var list, ekki klám. Samkvæmt Guðbjörgu Hildur Kolbeins (2002) ætti almenningur ekki að hafa aðgang að slíku efni sem sýnir kynlíf eða kynferðislegar athafnir á opinskáan hátt, eins sýnt var í Regnboganum, ef lögum væri framfylgt

Að mati Guðbjargar Hildur Kolbeins (2002) er þörf á lagalegri skilgreiningu á hugtakinu klám. Hún bendir á að þó svo að einhver hluti þess kláms sem er til sölu í klámbúðum sé til þess gerður að krydda kynlíf para, þá hafa rannsóknir sýnt að kvikmyndir sem blanda saman kynlífi og ofbeldi geta haft skaðleg áhrif á einstaklinga (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2002).

2.3 Áhrif kláms og afleiðingar

Mikið hefur verið rætt um áhrif um afleiðingar kláms, um neikvæðar (Russell,1998) og jákvæðar(Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009) hliðar þess. Áhrifin geta bæði verið af líkamlegum og andlegum toga. Thomas Brorsen Smidt (2010) tók fram á fyrirlestri sínum á vegum Háskóla Íslands er varðaði menningu og gagnkynhneigt klám, að áhorf á klám hefur í för með sér líffræðilegar breytingar. Þá var talað um hvernig klám hefði áhrif á karlmenn og hugmyndir þeirra um konur. Það sem kom í ljós var að í fyrsta lagi eykst dópamínflæði í heilanum en dópamín er efni sem leysist úr læðingi þegar við erum til dæmis ástfangin eða höfum unnið einhverja keppni. Klám getur veitt karlmönnum þessa tilfinningu án þess að eiga

líkamlegt samneyti við aðra manneskju. Í öðru lagi hefur klámfengið efni þau áhrif á taugaenda heilans að þeim mun meira sem horft er, þeim mun meira verður viðnám gegn klámi. Þannig myndast ákveðið þol fyrir efninu og viðkomandi sækir í grófara efni til að hafa tilætluð áhrif. Í þriðja og síðasta lagi getur maður fengið kynferðislega útrás, eða fullnægingu við áhorf kláms. Dóпамínflæðið sem kemur í kjölfar fullnægingar er í raun leið náttúrunnar til að tengja okkur við makann. Þegar maður og kona stunda samfarir, tengist maðurinn konunni enn meira. Þegar slíkt hið sama er gert yfir klámmynd eða yfir klámfengnu efni af einhverju tagi, fer athygli mannsins frá makanum yfir í eitthvað allt annað (Smidt, 2010).

Áhrif klámnotkunar geta verið langvarandi sem og alvarleg. Sálfræðingurinn og kynlífsráðgjafinn Aline Zoldbrod (sjá í Paul, e.d.) telur að mikið klámáhorfs meðal ungra manna gefi brenglaða mynd af kynlífi sem geri það að verkum að þeir verða sífellt óánægðari með frammistöðu sína, sem og útlit rekkjunauta sinna. Þá geta þeir sem nota klám í miklum mæli átt í erfiðleikum með að ná kynferðislegri örvun án klámáhorfs, sem og að eiga erfitt með að mynda nán tengsl við aðra. Karlmennt sem nota mikið klám þróa með sér óraunhæfa mynd af konum og gera óraunverulegar kröfur um útlit þeirra. Þetta getur ekki bara haft skaðleg áhrif á kynlífið, heldur líka ástarsambönd (Paul, e.d.). Langvarandi áhorf á klám getur leitt til þess að sá sem horfir á það það fer að halda að sú hegðun sem á sér stað í klámmyndum sé eðlileg. En oftast nær sýnir klámmynd brenglaða mynd af kynlífi. Þetta er afar mikið áhyggjuefni fyrir óharðnaða unglunga að mati Zillman (2000), þar sem að birtingarmyndir kynlífs í myndum sem slíkum, svo sem endaparms- og munnmök, kvala- og sjálfspínungarhvöt og hópkyllíf sé sjónarhornið sem unglungurinn fær af kynlífi.

Rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2007) renna stöðum undir þessar áhyggjur, en niðurstöður hennar leiddu í ljós að klámnotkun eykur líkurnar á að bæði strákar og stelpur trúi því að rekkjunautur þeirra þyki meira spennandi þegar þeim er veitt viðnám í kynlífi, þ.e.a.s. þegar annar aðilinn streitist á móti, eins og ef um nauðgun væri að ræða. Þetta er skýrt dæmi um það að klám hafi mikil áhrif á unglunga, og þá sérstaklega drengi. Þeir hafa sumir hverjir mjög brenglaða og óraunverulega hugmynd um hvað kynlíf og kynhegðun ætti að vera í raun og veru. Klámneysla hefur þannig áhrif á kynheilbrigði unglunga og hefur mótandi viðhorf þeirra til kynlífs (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2007).

Fyrirtækið Rannsóknir og greining gerði rannsókn á kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðislegri misnotkun á börnum árið 2004 meðal menntaskólanema hér á landi. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að 57% stráka í menntaskólum skoða klám einu sinni í viku eða oftar, en aðeins 3% stelpna. Klám getur stuðlað að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og

unglingum. Eins og fram hefur komið hafa ungmenni oft ranghugmyndir um hvað er eðlilegt kynlíf, en þau hafa líka óljósar hugmyndir um kynferðislegt ofbeldi (Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining, 2006).

Athafnir þessara barna endurspeglar atriði úr klámmyndum sem þau hafa séð, sem þau kunna að hafa fundið á veraldarvefnum. Kynlífsmenning og klám eru hugtök sem kynferðisbrotadeild lögreglunnar þekkja ansi vel og merkja þeir augljós áhrif klámsins í tengslum við þau kynferðisbrot sem koma inn á borð til þeirra. Oft er um ungt fólk að ræða og hugmyndir þeirra eru oft brenglaðar þegar kemur að því hvað er eðlilegt kynlíf, og þá sérstaklega hjá ungum körlum. Einnig hefur komið í ljós að ungar konur hafa tilhneigingu til að finnast þær eigi að þóknast karlmönnum. Þannig greina þeir skýrar eftirhermur úr kláminu í mörgum þeim málum sem lenda inni á borði hjá þeim og frasar eins og „ég lét mig bara hafa það eru títt heyrðir á kynferðisbrotadeild lögreglunnar (Dines, munnleg heimild 16. október 2012, sjá einnig í Una Sighvatsdóttir, 2012).

3 Hvað er erótík?

Orðið erótík (*erotica*) er komið af nafni gríska guðsins Ero. Ero vísar til kynferðislegra ásta og frumhvata einstaklingsins sem birtast í kynhvötinni sem líkamleg þrá (Linz og Malamuth, 1993). Samkvæmt Óttari Guðmundssyni, geðlækni, er erótík mun raunverulegri heldur en klámið, þar sem að klámið hlutgerir kynlífið meira á meðan erótíkin skilgreinist frekar sem nán og innileg samskipti kynjanna (Óttar Guðmundsson, 1990).

Samkvæmt Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur (2009) er fátt sem vekur jafn sterk viðbrögð og erótík. Það sem skilgreinist sem erótískt eða lostafull, er allt það sem kveikir í manni og gefur manni kynferðislega löngun. Við notum skynfærin okkar þegar um erótík er að ræða, alveg eins og þegar um aðra lífsreynslu er að ræða eins og, heyrn, sjón, snerting, lykt og bragð. Kynferðisleg skynjun er munúð og þegar munúðin er til staðar og magnar upp kynferðislega spennu erum við horfin langt inn í heim erótíkusar. Þegar einstaklingur horfir á erótík hefur það í för með sér kynferðislega strauma, líkt og þegar einstaklingur sér mann sinn eða konu nakta fyrir framan sig. Þegar elskendur elskast, fer um þau unaður og fiðringur í magann sem leikurinn um hið forboðna vekur. Boðefni sem koma frá líkamanum gera elskandann móttækilegan fyrir ástvin sinn og þannig myndast losti (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Erótík snýst um annað og meira en ást og öryggi eða það að tendra kertaljósinn reglulega inni í svefnherbergi eftir góðan kvöldverð. Slíkar samverustundir eru vissulega góðar og gildar og ekkert við þær að athuga. Það sem er erótískt er hins vegar fremur í ætt við hið örökkrétta, ærslafullt og stríðið – og iðulega það sem hneykslar. Erótík á því litla samleið með pólitískri rétthugsun (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009, bls. 178).

Jóna Ingibjörg stendur ekki á móti klámi eins og svokallaðir klámandstæðingar. Mætti segja að það sem hún flokkar undir erótík, gæti alveg eins verið það sem klámandstæðingar skilgreina sem klám. Sú spurning sem eftir stendur er; Hver er munurinn á þessum tveim hugtökum? Er munurinn lítill eða jafnvel enginn eða er einhver greinilegur munur þarna á milli?

3.1 Munurinn á erótík og klámi

Það er ekki auðvelt að reyna að útskýra hvort einhver munur sé á hugtökunum erótík og klám. Það sem kann að vera hið grófasta klám fyrir einn, getur verið falleg erótík fyrir einhvern annan. Þannig eru þessi hugtök mjög einstaklingsbundin og ómögulegt að segja til um upplifun hvers og eins. En skilgreiningarnar hjálpa til og þrátt fyrir að þær kunni að vera mismunandi, hafa margir hverjir reynt að gera þessum tveim hugtökum greinileg skil. Russell (1998) hefur lagt mikla áherslu á að gera greinarmun á klámi og erótík. Hún skilgreinir erótík sem örvandi ástand sem hefur kynferðislega tilvísun í það sem er laust við kynþáttafordóma, kynjamismunun og fordóma gagnvart samkynhneigðum. Fyrir henni er erótík kynferðislegt efni sem ber virðingu fyrir mannfólki en klámið aftur á móti er tengt niðurlægingu og misnotkun og á ekkert skylt við kynlíf. Það sem mælir á móti klámi er sú ofbeldisfulla mynd af kynlífi og niðurlægingin sem á sér stað, en ekki kynferðislegt innihald þess eða djarfar myndir. Það má því segja að erótíkin endurspegli virðingu, á meðan klámið gerir það ekki. Skilgreining Russel er í samræmi við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna sem Hæstiréttur styðst við; að klám sé ögrandi framsetning sem sýni hvorki ást, blíðu né ábyrgð á meðan erótíkin á rætur sínar að rekja til bókmenntalegs og/eða listrænnar tjáningar á ástinni (Sigríður Ingvarsdóttir o.fl., 2002).

Stundum hafa menn reynt að greina á milli kláms og erótískrar listar. Þá er heimur klámsins skilgreindur sem ómerkilegt gróðabrall þar sem kynhvötin er höfð að féþúfu en erótísk mynd fremur talin til listrænnar fegurðar. Það er erfitt að draga slík mörk sem allir sætta sig við. Menn hafa reynt að halda sýningar á kynferðislegum myndum ýmissa listamanna og kallað það „erótíska list“ en óðar er kominn hópur fólks sem telur þetta vera argasta klám (Óttar Guðmundsson, 1990, bls 142).

Óttar Guðmundsson (1990) bendir á að þorri klámsins sem er í umferð er oft á tíðum afar fjarri raunveruleikanum. Fólk sem trúir á myndirnar sem birtast í draumaheimi klámsins verður að öllum líkindum fyrir miklum vonbrigðum þegar kemur að raunverulegu kynlífi. Sú kvenímynd sem birtist í klámi er iðulega fjarri raunveruleikanum. Erótísk list er mun nær raunveruleikanum en klám að því leyti að hún leggur meiri áherslu á nán samskipti og andlegan þátt kynjanna (Óttar Guðmundsson, 1990). Þegar öllu er á botninn hvolft virðist það vera sem erótíkin sé fallettri útgáfan af klámi, þar sem niðurlægingin, ofbeldið og hlutgervingin er horfin á brott og unaður, losti og jafnrétti kynjanna kemur inn í staðinn.

3.2 Femínískt klám

Klám gegnir mismunandi hlutverki eftir því hvort um er að ræða einhleypa karl, þar eða einhleypa konu. Auk þess að geta gegnt mismunandi hlutverki, geta skoðanirnar á því sömuleiðis verið mismunandi. Á meðan sumir nota klám sem hjálpartæki kynlífsins, sjá aðrir það sem argasta kynjamisrétti og kæra sig ekki um að horfa á það. Flestar klámmyndir eru framleiddar af körlum fyrir karla, samkynhneigða eða gagnkynhneigða. Ungir karlar eru helstu neytendur kláms af myndrænu tagi. Framleiðsla kláms hefur það orð á sér að lítill metnaður er lagður í verkið og að það byggist fyrst og fremst á þeim staðal hugmyndum um hvað teljist vera kynferðislega æsandi. Flestar klámmyndir byggja þannig oft á hugmyndum fárra karlmanna um hvað er kynæsandi (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Þrátt fyrir að klámið sé mestmegnis framleitt af körlum, væri vinna þeirra til einskis ef ekki væri fyrir klámmyndaleikkonurnar. Þær draga athyglina að sér, karlmennirnir eru oft bara aukaleikarar, sem þurfa engu að síður að vera til staðar (Hickman, 1999). Mikilvægi kvenna í klámiðnaðinum er vægast sagt mjög mikill, en það þýðir alls ekki að það sé borin virðing fyrir þeim á þeim vettvangi. Klámmyndaframleiðendur miða nær allt við líkamlegt ástand konunnar, hvort að hún sé komin með sigin brjóst eða hvort afturendinn á henni sé ekki örugglega í góðu ástandi, ef svo er ekki, hafa þeir lítið sem ekkert að gera við hana (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Konur hafa í auknum mæli tekið að sér það hlutverk að framleiða klámmyndir á síðastliðnum árum. Það er þar sem hugtakið femínískt klám kemur til sögunnar. Samkynhneigðar konur eru gott dæmi um framleiðendur þeirrar gerðar kláms. Þær hafa verið að búa til klám sem hentar þeim og ber þá sérstaklega að nefna femínísku lesbíurnar Kinney og Debbie, en þær stofnuðu tímaritið *On our backs* árið 2004 (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Tímaritið er eitt af fyrstu klámtímaritunum sem kom út þar sem hægt var að öðlast leiðsögn að lesbísku kynlífi, en jafnframt mátti finna ráðgjöf varðandi líkamsímynd og fleira sem hentaði gagnkynhneigðum konum í senn. Til eru klámsíður á veraldarvefnum sem sérstaklega höfða til kvenna. Á slíkum síðum er ekki einblínt á lim karlmanna eins mikið og í kláminu sem ætlað er körlum, þar er frekar einblínt á aðra parta líkamans eins og bakið, vöðvana og rassinn. Leikarar sem leika í þess háttar klámmyndum eru oftast í hefðbundnari karlhlutverkum, til að mynda lögreglu- eða slökkviliðsmenn (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Í femínískum klámmyndum finnur maður ekki ungar skólastelpur, óþekkar hjúkkrur, kynþokkafullar barnapíur eða aðþrengdar eiginkonur. Að sama skapi eru mafiósar, milljónamæringar og ofvaxnar kynlífsvélar sjaldséðar í slíkum myndum. Framleiðendur femínískts kláms staðsetja sig langt frá hinu hefðbundna klámi sem er framleitt mestmegnis af körlum. Konur vilja örvast, alveg eins og karlar, en þær vilja sögþráð; hvað fékk sögupersónurnar til að vilja stunda kynlíf, hvað var það sem kveikti á neistann? Þær vilja sjá konur af öllum stærðum og gerðum, konur sem virkilega eru að njóta þess að vera í ástarlotunum, frekar en að sjá klámdrottningu með gervineglur, ofvaxin brjóst og gervihár að gera sér upp fullnægingu (May, 2011).

Femínískt klám er fremur nýtt af nálinni og er óðum að hasla sér völl. Haldnar hafa verið femínískar klámbíómyndahátíðir þar sem veitt eru verðlaun fyrir bestu femínísku klámmyndina, bestu leikstjórn og svo framvegis. Erika Lust er ein af þeim konum sem hefur unnið til margra slíkra verðlauna og hefur með tímanum orðið stórt nafn í femíníska klámheiminum (Lust, e.d.)

3.3 Klámleikstjórinn Erika Lust

Það verður vart litið fram hjá því hve klám er orðið stór hluti af menningu okkar sem birtist okkur í hinum ýmsu myndum. Framan af hefur hefur klámið verið frekar karllægt en undanfarin ár hafa kvenmenn haslað sér völl í klámiðnaðinum, og ber þá sérstaklega að nefna leikstjórnann og kvikmyndaframleiðandann Eriku Lust. Erika fæddist í Stokkhólmi árið 1977. Hún stundaði nám í stjórnmálafræði og femínískum fræðum við háskólann í Lundi. Á þeim tíma skiptust femínistar í hópa eftir því hver skoðun þeirra væri á klámi, sumar töldu klám

vera móðgun gagnvart konum, á meðan aðrar tóku kláminu fagnandi og vildu taka þátt í þessari kynferðisbyltingu (Lust, e.d). Eriku er minnisstætt fyrsta skiptið sem hún skoðaði klám. Henni þótti ekki mikið til þess koma og brást hún við eins og margar aðrar konur gera. Henni fannst eins og myndirnar örvuðu hana á einhvern hátt en þá helst á neikvæðan hátt. Henni þótti klámið vera ófullnægjandi. Hún lifði sig ekki inn í myndefnið vegna þess að henni fannst konurnar sem léku í klámmyndunum ekki njóta þess. Það vantaði alla kynferðisleg nautn og klámiðnaðurinn virtist ekki vera í neinu sambandi við nútímakonuna. Í þessum myndum voru konur í hlutverki hóru, saklausra unglingsstúlkna eða aðþrengdra eiginkvenna sem alltaf voru reiðubúnar að þóknast maffuforingjanum eða melludólgnum. Þær voru alltaf að þóknast öðrum en enginn þóknaðist þeim til baka. Í kjölfarið velti Erika fyrir sér hver hennar skoðun væri á klámi, hvernig birtingarmynd kvenna væri í slíkum myndum og hvaða hún vildi fá út úr klámmyndum (Lust, e.d). Árið 2000 flutti Erika til Barcelona þar sem hún lærði leikstjórn. Hún tók þá ákvörðun að verða kvikmyndaframleiðandi og búa til öðruvísi klámmyndir en þær sem áður voru á boðstólnum á þeim tíma og stofnaði fyrirtækið Lust Films. Fyrsta stuttmyndin hennar var myndin *Good Girl* sem kom út árið 2004. Hún var sett á veraldarvefinn og fyrsta mánuðinn höfðu um tvær milljónir manna niðurhalað myndinni. Árið 2005 vann hún NINFA (nymph) verðlaunin fyrir bestu stuttmyndina á *International Erotic Film Festival* í Barcelona (FICEB), en NINFA verðlaunin eru veitt fyrir bestu gagnkynhneigðu klámmyndina. Árið 2007 skrifaði hún og leikstýrði kvikmyndinni *Five hot stories for her* en eins og nafnið gefur til kynna var myndin sérstaklega ætluð konum og þörum. Þessi mynd sópaði að sér verðlaunum. Erika lét slag standa og hélt áfram með framleiðsu kvikmynda fyrir fullorðna og þá sérstaklega fyrir konur og gaf hún út þrjár bækur, *Good Porn, The Erotic Bible to Europe, og Love Me Like You Hate Me* (Lust, e.d). Samkvæmt Eriku Lust (e.d) er klám, samanber skilgreiningu Russell (1998), verkfæri ætlað til fræðslu, spennu og ánægju. Hún er þeirrar skoðunar að mikilvægt er að klám ætlað konum sé framleitt af konum því það er ekki bara kynlífið sem skiptir mestu, það er líka umhverfið, nærfötin, tónlistin, handritið og leikararnir. Konur hafi auga fyrir slíkum smáatriðum (Lust, e.d).

Mikilvægi þess að klám ætlað konum sé framleitt af konum er talið vera vegna þess konur hafa verið hlutgerðar í mörgum klámmyndum og ákveðin ímynd af þeim verið búin til. Þær eiga að vera brjóstmiklar, með stinnan rass og liðugar svo þær geta getu farið í allar helstu mögulegar kynlífsstillingar. Það er ekki bara útlitið sem þarf að vera til staðar, heldur líka ásættanleg hegðun. Ímyndin hefur verið þrautseig og birtist oftar en ekki í klámi framleitt af körlum fyrir karla en til þess að konur geti notið þess að horfa á kynferðislegt efni og fundið

fyrir kynferðislegri örvun, er það talið að koma verði til móts við hug þeirra og hjarta. Það er það sem Erika Lust hefur gert.

Vísanir í klám má finna í nánast hverju sem er. Klámvætt myndmál er ein augljósasta birtingarmynd klámvæðingarinnar. Þetta er myndmál þar sem konur eru oftast en ekki kynferðislega undirgefnar karlmönnum, birtingarmyndin fær innblástur sinn beint frá kláminu og getur til dæmis haft í för með sér neikvæð áhrif á samskipti kynjanna (Smidt, 2012)

4 Hvað er klámvæðing?

Undir lok 20.aldar jókst umburðarlyndi meðal fólks gagnvart frjálstri skipan kynferðismála og er talið að klámvæðingin hafi byrjað um það leyti. Klám telst ekki einungis til kynferðislegra athafna heldur líka sem ákveðin neysluvara. Ekki er lengur farið leynt með klám, heldur blasir það við manni hvert sem augum er litið. Þessi þróun hefur verið kölluð klámvæðingin (Jeffreys, 2009).

Klámvæðing er hugtak sem hefur verið skilgreint sem það ferli, þegar klám smeygir sér inn í okkar daglega líf sem samþykkt og jafnvel dád menningarlegt fyrirbæri (Sörensen, 2007).

Klámvæðing þýðir í fyrsta lagi að klám er gert að normi í samfélaginu, eitthvað sem fólki þykir eðlilegt, og það birtist meðal annars í aukinni eftirspurn og framboði á klámi, auk þess sem klámið er aðgengilegra en áður. Í öðru lagi sýna fjölmiðlar klámi meiri áhuga en áður ásamt því að fjalla um það á jákvæðari hátt en áður tíðkaðist. Í þriðja lagi birtist klámvæðingin okkur þannig að hlutverkin úr kláminu hafa færst yfir á hversdagsleikann og birtast víða án þess að um eiginlegt klám sé að ræða. Þannig sjást áhrif klámsins í tónlistarmyndböndum, í auglýsingum, í tónlistarmyndböndum, sjónvarpsþáttum, tískuþáttum og svo framvegis. Það er sífellt algengara er að sjá táknmyndir og orðfæri úr klámi sem kemur til dæmis fram í fatnaði, stellingum, hreyfingum og fleira (Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Innrás kláms og kynlífsvísana í samfélaginu í dag er gífurleg, þær má finna víða og mætti í raun segja að ekkert sé fólki heilagt lengur, kynlífið er hlutgert og tilfinningum oftast en ekki ýtt til hliðar (Stelpur undir þrýstingi, 2002).

Margir hverjir hafa þá skoðun að þeir sem skoða klám og njóta þess, séu einhvers konar frávik. Klámið getur sært siðferðiskennd margra, þar með talið femínista, sem telja að klámið stilli konum upp í niðrandi og ómennskum stellingum. Auðvelt aðgengi að klámi, fjölda

margir notendur þess um allan heim, og sú staðreynd að birtingarmyndir kláms eru að finna hvar sem er, gerir það að verkum að klám er orðið allt um lykandi (Andersen, 1993).

Setningin fræga “sex sells”, eða kynlíf selur virðist hefur lengi verið haldið hátt á lofti í afþreyingariðnaðinum í gegnum tíðina.

4.1 Klámvædd menning



Ímynd kynjanna hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og má sjá skýr dæmi um það í tískuheiminum, tónlistarmyndböndum og auglýsingum. Klámvæðingin spilar þar stórt hlutverk. Áhrifamáttur fjölmiðla er mikill og gildi okkar eru að miklu leyti metin út frá sýnileika í fjölmiðlum. Bandaríski félagsfræðingurinn Margaret L. Andersen segir að samkvæmt speglunarkenningunni (*Reflect theory*) endurspeglar fjölmiðlar ríkjandi gildi og viðhorf almennings hverju sinni. Þannig endurspeglar fjölmiðlar ekki endilega samfélagið eins og það er í raun, heldur gildi og hefðir ákveðinna valdahópa í samfélaginu á hverjum tíma. Kenningin hefur verið notuð til þess að útskýra mismunandi birtingarmyndir einstakra hópa (Andersen, 2006). Hér áður fyrr ríkti svokölluð húsmæðra (e. *stepford wives*) ímynd á konum, þar sem birtingarmynd kvenna sýndi þær sem fullkomnar húsmæður. Þær straujuðu skyrtur eiginmanna sinna og heitur kvöldmatur beið þeirra eftir vinnu. Þær unnu mest heima við og á meðan karlarnir voru fyrirvinna heimilisins. Þessari ímynd kvenna hefur verið meira og meira ýtt til hliðar og við tók kynþokkafulla framakonnan (e. *stepford sluts*). Samkvæmt þeirri ímynd eiga konur að vera kynþokkafullar, unglagar, mjóar, hárlausar á kynfærunum, vel menntaðar með frama allt í senn. Ímynd hinnar fullkomnu húsmóðir fór því úr einum öfgunum í aðrar (Dines, 2010). Kvenmenn eru gjarnan hlutgerðar sem kynlífsleikföng í tískuheiminum. Ímynd þeirra einkennist af því að þær eru vanmáttugar, fornfúsar og hlýðnar sem ber vott um kynþokka þeirra. Líkamsstilling þeirra ber merki um undirgefni og þörf fyrir vernd karlmanns. Fyrirsæturnar verða yngri og yngri með degi hverjum en æskudýrkunin kemur berlega í ljós í kynfærarakstri kvenna (Tinna Sverrisdóttir, 2012). Gott dæmi um það er tískubáttur sem birtist í franska tímaritinu *Vouge* árið 2011. Þar voru kornungar stelpur málaðar, greiddar og klæddar í kynþokkafull föt og í kynferðislegum líkamsstillingum. Skiptar skoðanir voru um

hvort þessi tískuþáttur þótti óviðeigandi eða krúttlegur. Annars vegar var fólk þeirrar skoðunar að þetta væri afar ósmekklegt og verið væri að kynlífsvæða alltof ungar stúlkur. Hins vegar sáu aðrir ekkert að þessu. Þetta voru bara fallegar myndir af stúlkum að leika sér í fötum af mæðrum sínum (Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, 2011).

Söngkonan Britney Spears gaf út fyrsta lagið sitt *Baby one more time* árið 1999. Innihald lagatextans fjallar um að hún biður fyrrverandi kærastann sinn um að taka við sér aftur með því að segja “Hit me baby, one more time”(Sláðu mig elskan, einu sinni enn). Í myndbandinu sér maður Britney Spears klædda í skólabúning, flegna skyrtu, hnéháa sokka og stutt pils, sem svipar til klæðaburðs Lólítu. Seinna meir fékk Britney Spears klámmyndaleikstjórnann Gregory Dark til þess að leikstýra myndböndum sínum, en Dark hafði þá meðal annars leikstýrt klámmyndum á borð við *The devil in miss Jones*, *New wave hookers* og *Let me tell ya all 'bout black chicks* (Dines, 2010).

Afþreyingariðnaðurinn er eins og áður kom fram fullur af vísunum í kynlíf og klám. Lagatextar og tónlistarmyndbönd eru augljós dæmi um það. Fjöldinn allur af klámvæddum textum nýtur mikilla vinsælda og verma efstu sæti á vinsældarlistum víða um heim. Áðurnefnd söngkona Britney Spears, gaf út lagið *I'm a slave 4 you* árið 2001 sem náði fyrsta í flestum löndum sem það var spilað.

*“I'm a slave for you
I can not hold it, I can not control it
I'm a slave for you
I won't deny it, I'm not trying to hide it”
(Lyrics, e.d.).*

Lagið fjallar um að hún sé þjónn eða ambátt einhvers og að hún ráði ekki við það og viðurkenni það. Textinn er tiltölulega skýr: hún er kynlífsþræll sem getur ekki hamið sig.

Það eru ekki bara konur sem kynlífsvæða lögin sín, heldur gera karlar það líka. Frægustu dæmin um slíka texta koma frá röppurum. Rapparinn 50cent er t.a.m. frægur fyrir slíka texta. Frægustu lögin hans, Nammibúðin (*Candy shop*) og Melludólgurinn (*P.I.M.P*), eru stútfull af tilvísunum í kynlíf, greddu og „kellingar” Viðlagið við lagið *Candy Shop* er svona :

*“I’ll take you to the Candy shop
I’ll let you lick the lollipop
Go ahead don’t you stop
Keep going until you hit the spot, whoa”*
(Lyrics, e.d.).

Við lesturinn á þessum textabút er greinilegt að rapparinn 50 cent er ekki að fjalla um að fara í sælgætisbúð með vinkonu sinni og leyfa henni að sleikja sleikjó. Hann leikur sér að myndlíkingum, en að öllum líkindum á hann við að hann ætli að leyfa henni að gefa honum munngælur, og að hún eigi ekki að hætta fyrr en hann sé búinn að fá sáðlát. Einföld og skýr skilaboð.

Bókin *50 gráir skuggar* sem kom út fyrr á árinu 2012 er ein mest selda bók ársins. Bókin hefur notið fádæma vinsælda um allan heim og brotið blað í sögu bókmennta. Hún var fyrst gefin út á rafrænu formi en síðar á prenti. Í söguþræðinum má finna skýrt dæmi um undirgefni kvenna með tilvísan í klám og þau norm sem ríkja í klámheiminum. Hún fjallar í stuttu máli um unga stúlku sem gefur sig fyrir að vera undirgefni og saklaus og afsalar sér öllum völdum í kynlífsleikjum með manni sem er billjónamæringur. Gagnrýnendur voru ekki lengi að tjá sig um bókina og New York Times fjallaði um hana sem „mömmuklám” (*mommyporn*), en þá hefur komið fram að margir kaupendur bókarinnar eru konur sem eiga börn og eru á þrítugs- og fertugs aldrinum (Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, 2012).

Raunveruleikaþættir eins og Big Brother hafa slegið rækilega í gegn. Í þáttunum er fylgst með hópi af ungu fólki sem býr saman undir einu þaki og mega þau ekki yfirgefa húsið. Í norsku útgáfunni af Big Brother stunduðu tveir þátttakendur, þau Ramsey og Anne Mona, kynlíf í beinni útsendingu fyrir augum allra Norðmanna. Þessi sjónvarpsþáttaröð var sýnd í norsku sjónvarpi, rétt eftir kvöldmat. Í þessu tilfelli þurftu landsmenn ekki annað en að opna sjónvarpið heima í stofu til að horfa á samfarir í beinni útsendingu. Eftir Big Brother tóku við endalausar raunveruleikasérur, eins og til dæmis Jersey Shore, sem fjallaði um hóp unglinga sem flutti í sumarhús í sumarfríinu og markmið þeirra þetta sumarið var að drekka áfengi og finna sér rekkjunauta (Rolness, 2003).

4.2 Netvæðing klámsins

Einn stærsti heimur klámvæðingarinnar á sér stað á veraldarvefnum. Aðgengið er gríðarlegt og fólk á hvaða aldri sem er geta orðið sér út um klám af öllum toga og í raun fundið allt sem hugur þeirra gírnist. Vettvangurinn hefur þróast mikið með tímanum og nú geta notendur

internetsins horft á ungar stúlkur, hvaðan sem er úr heiminum fækka fötum í beinni útsendingu (Dines, 2010)

Veraldarvefurinn er samkvæmt blaðamanninum og rithöfundinum Pamela Paul (2005) sá miðill sem hefur hvað mest leitt til aukinnar útbreiðslu á klámi þar sem klámvæðingin hefur náð nýjum hæðum. Í kjölfarið þurfa notendur ekki að upplifa þær vandræðalegu aðstæður að biðja um að fá að skoða „bláa safnið“ í myndbandaleigum eins og tíðkaðist fyrir tíma aukinnar internetsnotkunar. Nú er hægt að hlaða niður klámmyndum af internetinu, afrita þær og dreifa.. Með auknu aðgengi, lágs kostnaðar og nafnleyndar hefur klámneyslan aukist. Paul bendir á að í dag eru fleiri notendur klámefnis en áður, neyslan er meiri, auk þess sem neytendur geta nú þróað með sér neyslusmekk og valið sér það klám sem þeim þykir mest örvandi. Paul heldur því fram að ríflega þriðjungur, eða 36%, af því sem er í boði á veraldarvefnum flokkast undir klám og um þriðjungur af öllu því efni sem er niðurlagð er klám. Talið er að 40 milljónir manna séu reglulegir klámnotendur í Bandaríkjunum og sem hafa úr 260 milljónum klámsíðna að velja Paul bendir jafnframt á að klámmyndaúrvalið er nær óendanlegt, allt frá barnaklámi, lesbíuklámi til teiknimyndakláms. Það er því óhætt að segja að Paul telji að veraldarvefurinn hafi svo sannarlega flýtt fyrir að koma klámi inn í dægurmenningu okkar.

Félagsfræðingurinn Gail Dines minntist á það í fyrirlestri sínum sem hún hélt í Háskóla Íslands árið 2012 að skipta mætti kláminu sem væri til staðar á veraldarvefnum í tvo flokka. Annars vegar svokallað *feature* klám, en það er klám með söguþræði, eins og í hefðbundnum bíómyndum. Hins vegar er *gonzo* klám sem er mun grófara klám án söguþráðar. Einkenni *gonzo* kláms er niðurlægning kvenna sem lýsir sér m.a. í harkalegum endaðarmsmökum og að getnaðarlími sé troðið upp í kok konunnar þar til hún nánast kastar upp. Þessi tegund kláms er sífellt að aukast (Dines, munnleg heimild 16. október 2012, sjá einnig í Una Sighvatsdóttir, 2012).

Gail Dines talar um það í bók sinni *Pornland* þegar hún forvitnaðsit um hvað hún myndi finna ef hún leitaði sér að ókeypis klámi á internetinu. Eftir stutta leit var henni var boðið inn á síðu sem bar nafnið *OnlyBestSex.com*. Þar var auglýsing sem hljóðaði svona “Gag me then fuck me” þ.e.a. s kæfðu mig og ríddu mér síðan. Á þessari síðu voru myndir af körlum í samförum við konur í rass, leggöng og munn. Undir þessum myndum var ritaður texti þar sem stóð: “Veistu hvað við segjum við rómantikina og forleikinn? Drullastu í burtu. Við tökum ungar hórur og gerum það sem allir karlar vilja í raun gera, látum þær kúgast þangað til

maskarinn er farinn að leka og fáum það svo yfir þær”. Þetta er lýsandi dæmi *gonzo* klámsins (Dines, 2010,bls xix).

Klámiðnaðurinn á veraldarvefnum er í raun heimur út af fyrir sig þar sem afkimar þess heims eru bæði af öllum toga. Þar má finna allt fyrir alla, eins og til dæmis *Cyberqueer*, *Spankers paradise* og *Buttman's all Butt*. Þessi heimur hefur legið undir gagnrýni enda komustaður margra, meðal annars barnaníðinga sem sækja síður eins og *Sex and Kids* og *Welcome to Lolita Paradise*, sem eru óneitanlega óviðeigandi síður og ættu að vera bannaðar á netinu að mati Hickman (1999). Dines (2012) bendir á að ein af afleiðingum klámvæðingarinnar er sú, að það sem áður fyrr var hefðbundið klámefni er nú orðið hluti af poppmeningunni. Áður fyrr var klámið álitid dónalegar myndir ætlaðar örvæntingafullum körlum sem gátu ekki náð sér í almennilega konu. Í dag hefur blaðinu verið snúið við. Klámiðnaðurinn er að verða grófari og grófari og fólk gerir sér ekki grein fyrir því hve kláminu fylgir mikið ofbeldi og mikil kvenfyrirlitning (Dines, munnleg heimild, 16.október 2012).

4.3 Afleiðingar klámvæðingu

Það er óhætt að segja að klámiðnaðurinn er orðinn órjúfanlegur hluti af menningu okkar. Hugtakið *porno-chic* vísar til þess að klám sé orðinn hluti af okkar reglulega lífi, við höfum tekið það í sátt og það er orðið hluti af menningu okkar. Kynferðislegar tilvísanir, eða *sexual tease*, færast í aukana í auglýsingaiðnaðinum og tískuheiminum (Sörensen, 2007). Að mati Katrínar Önnu Guðmundsdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur (2011) fjalla fjölmiðlar í auknum mæli um klám á mun jákvæðari hátt heldur en áður fyrr. Að þeirra mati er það alvarleg þróun vegna tengsla kláms við ofbeldi. Þær benda á að bandaríska sálfræðifélagið telji að klámvæðingin eigi eftir að leiða af sér aukna kvenfyrirlitningu, meiri eftirspurn eftir barnaklámi, kynferðislega áreitni og aukið kynferðisofbeldi. Katrín Anna segir jafnframt í grein sem birtist á visir.is að afleiðingarnar af klámvæðingunni séu skelfilegar fyrir bæði konur og börn, en ekki síst fyrir karlmennina þar sem klámvæðingin geti alið af sér kynferðisbrotamenn. Afleiðingar klámvæðingarinnar eru meðal annars þær að ímyndirnar sem birtast manni eru myndir sem okkur finnst vera eðlilegar; „svona á þetta að vera, það er ekkert að þessu”(Erla Hlynsdóttir, 2010)

Samkvæmt Guðbjörgu Hildi Kolbeins er tónlistariðnaðurinn orðinn stór hluti af klámvæðingunni og klámheiminum. Tónlistin sjálf er ekki lengur það sem skiptir öllu máli, heldur klæðnaðurinn og myndböndin við lög, það er að segja hvernig tónlistarmaðurinn

birtist áhorfendum. Klámmyndaleikstjórar og klámmyndaleikarar taka nú þátt í tónlistarmyndböndum sem birtast á stöðvum eins og MTV og youtube. En af afleiðingum þess er að ungar stelpur, sem hafa jafnvel ekki náð unglingsaldri eru látnar klæða sig eins og þær séu orðnar fullorðnar. Þær klæða sig á kynþokkafullan hátt, sýna magan og eru í flegnum bolum til þess að sýna brjóstaskoruna og setja síðan myndir af sér á veraldarvefinn þar sem þær *pósa* í kynþokkafullum stellingum, setja stút á munninn, með fingurinn upp í munn, eða með hvölpaaugu sem gefa til kynna sakleysis sitt (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2007).

Klámið getur haft þær afleiðingar á karlmenn að þeir líta á konur sem eitthvert viðfang fyrir þá miklu þörf sem þeir hafa fyrir kynlífi. Þetta er réttlætt á þann veg að þetta sé einfaldlega eitthvað sem karlar hreinlega ráða ekki við, sé þeim eðlislægt (Kristján Jósteynsson, 2004).

Samkvæmt skýrslu nefndar sem fékk það verkefni að gera úrbætur vegna kláms og vændis kemur fram að það er vaxandi framboð af klámi sem verður grófara með degi hverjum. Klámið er orðið aðgengilegra fyrir fólk hvar sem er, hvort sem um er að ræða í sjónvarpi, í kvikmyndum, í dagblöðum eða á veraldarvefnum og geti hugsanlega leitt til þess að mörkin milli þess sem er leyfilegt, óleyfilegt, eðlilegt og óeðlilegt færast til. Klámheimurinn sem slíkur byggist oft á tíðum á kúgun kvenna og misnotkun barna. Eftir því sem siðferðisvitund manna breytist varðandi klám verður ýmislegt sem áður var talið afbrigðilegt orðið eðlilegt (Sigríður Ingvarsdóttir, o.fl., 2002).

Samkvæmt hjúkrunarfræðingnum Eyrúnu B Jónsdóttur (2002), er umdeilt hvort um raunveruleg áhrif séu á milli kynferðisbrota og kláms, það er að segja hvort klám hafi þau áhrif að fólk fremji kynferðisbrot. Aukning er á hópnauðgunum og fram hefur komið meðal þolenda að framkoma gerenda endurspegli gróft klám, hvort sem það er líkamlegs eðlis eða andlegs. Með aukinni tækni geta gerendur tekið myndir af þolendum og hafa jafnvel notað þær til þess að hóta þeim eða kúga (Eyrún B. Jónsdóttir, 2002).

Það er margt sem veldur því að erfitt sé finna skýr tengsl á milli kynferðisafbrota og kláms. Í fyrsta lagi er erfitt að skilgreina hugtakið klám á viðunandi hátt. Það er mismunandi hvaða skilning einstaklingar leggja í það. Klámið getur því verið notað yfir ólík fyrirbæri, það getur verið notað yfir nakið fólk, en jafnframt getur það verið notað yfir kynferðislegt ofbeldi gegn barni. Þessu tvennu má með engu móti flokka undir sama flokk. Því er afar nauðsynlegt að gera greinarmun þar á milli (Sigríður Ingvarsdóttir, o.fl., 2002).

Þó að ekki hafi endilega tekist að finna bein tengsl á milli kynferðisbrota og kláms eru þó mikilvæg óbein tengsl til staðar. Lagalegar og félagslegar skilgreiningar fara oft ekki saman.

Félagslegar skilgreiningar geta tekið nokkuð oft breytingum á meðan lagalegar gera það ekki. Samkvæmt skýrslu Sigríðar og fleiri (2002) kemur fram að vaxandi framboð kláms bæði á veraldarvefnum og í fjölmiðlum getur leitt til þess að mörkin milli þess leyfilega og óleyfilega færast til. Vaxandi framboð á enn grófara klámi getur breytt vitund fólks um það hvað sé sjálfsagður hlutur og hvað sé óeðlilegt. Þá er líklegt að sá sem að selur og dreifir klámi gangi alltaf skrefinu lengra til þess að sýna grófara efni. Það sem áður þótti afbrigðilegt er nú orðið sjálfsagt, klámvæðingin slævir siðferðisvitundina (Sigríður Ingvarsdóttir, o.fl., 2002).

Fyrsta kynlífsreynsla drengja á sér oft stað á veraldarvefnum. Þar er hægt að komast í ógrynni af efni sem fullnægir þörfum þeirra kynferðislega. Vilja sumir meina að það geti haft í för með sér að nán samskipti milli kynjanna fari minnkandi og að kynfræðsla komandi kynslóða sé mestmegnis fengin af klámsíðum veraldarvefsins sem óumdeilanlega hafi í för með sér neikvæðar afleiðingar (Paul, 2005).

5 Umræðukafli og lokaorð

Þegar ég settist niður til þess að hefja skrif á þessu lokaverkefni spurði ég sjálfa mig hvað er klám og hvernig skilgreini ég sjálf klám? Orðin sem komu fyrst upp í huga minn voru endaparmsmök, munngælur, ungar stúlkur, stór tippi og undirgefni. Klám fyrir mér er eitthvað sem er niðurlægjandi fyrir kvenmenn, en einnig börn og oft á tíðum dýr. Fyrir mér er klámið heill heimur af afbrigðilegheitum.

Margir hverjir hafa reynt að skilgreina hugtakið klám, en það hefur þótt mjög erfitt þar sem klám er mjög einstaklingsbundið. Það sem einum kann að þykja unaðslegt þykir öðrum viðbjóðslegt. Ég var einna mest sammála skilgreiningu Russells (1998) á klámi, að klám er efni sem sýnir kynlíf eða afhjúpuð kynfæri í tengslum við misnotkun og niðurlægingu, og að slík hegðun sé studd eða látin óátalin, eða jafnvel hvatt til hennar. Russel skilgreinir aftur á móti erótík sem kynferðislegar tilvísanir eða örvandi efni sem er laust við kynjamismun, kynþáttafordóma, fordóma gagnvart samkynhneigðum og virðing fyrir öllum mönnum og dýrum. Russel gerir þannig skýran greinarmun á milli kláms og erótíkur. Það sem mælir á móti klámi er ofbeldisfull birtingarmynd þess og sú niðurlægingin sem henni tengist, en ekki kynferðislegt innihald þess. Erótík virðist þannig vera virðingarlegri mynd af klámi, þar sem unaður, losti, listræn fegurð og jafnrétti ræður ríkjum.

Eftir mikinn lestur uppgötvaði ég hugtakið femínískt klám, eða kvenlægt klám. Vissulega er klám í dag að miklu leyti karllægt en femíníska klámið snýr vörn í sókn, þar sem

fjölbreytilegur hugarheimur kvenna fær að njóta sín. Feminískt klám er þar sem konur eru við stjórnvölinn að framleiðslunni, það er að segja þær framleiða, leikstýra og vinna að því að koma til móts við þarfir kvenna. Klám hefur löngum verið framleitt af körlum fyrir karla, en femíniska klámið snýr blaðinu við. Erika Lust (e.d.) er frumkvöðull í kvenlægu klámi en hún hefur framleitt, leikstýrt og unnið til margra verðlauna fyrir verkin sín. Meirihluti þess kláms sem hefur verið framleitt hefur búið til ákveðna mynd af konunni, það hefur hlutgert hana sem kynlífsleikfang þar sem hún á að vera undirgefin og lúta vilja mannsins. Slík mynd höfðar meira til karlmanna en með tilkomu femínískts kláms er komið meira á móts við viðhorf kvenna þannig að þær geti notið kláms jafnt sem karlar. Kvenlægt klám hefur unnið gegn ríkjandi staðalímyndum af konum í klámheiminum og komið á meira jafnvægi í klámheiminum. Klámið hefur verið gert að normi í samfélaginu þannig að við erum hætt að kippa okkur við klámfengið efni sem áður hefði þótt hneykslanlegt. Við erum hætt að taka eftir því hvað er eðlilegt og hvað ekki. Þetta eru einkenni klámvæðingarinnar.

Aðgengi að klámi er mjög mikið og hægt að nálgast það nánast hvar sem er og hvenær sem er. Það er nokkuð ljóst að með ráðandi fjölmiðlum og netvæðingu sem í sameiningu hafa skapað klámvæðinguna, hefur kynlífstengdu efni fjölgað. Tilvísanir í klám og kynlífstengda hegðun eru áberandi í fjölmiðlum, í tónlistar- og tískuheiminum og öðru afþreyingarefni. Sem dæmi má nefna myndband söngkonunnar Britney Spears við lagið *I'm a slave 4 you* og myndbönd með röppurum sem þylja upp texta sem fjalla um munngælur og melludólga, textar sem einkennast af kvenfyrirlitningu. Fyrirsætur verða sífellt yngri, þær klæðast ögrandi fötum og stilla sér upp í stellingar með þeim skilaboðum að þær séu óþekkar litlar stelpur sem þurfa að fá refsingu, samanber *gonzo* klámið.

Afleiðingar klámvæðingarinnar geta verið margvíslegar. Fræðimenn hafa þó ekki fundið nein bein tengsl á milli klámnotkunar og kynferðisbrota, en þrátt fyrir það eru til staðar óbein tengsl. Lagalegar og félagslegar skilgreiningar fara ekki alltaf saman. Félagslegar skilgreiningar taka breytingum á meðan lagalegar skilgreiningar eru óbreyttar. Vaxandi framboð á grófu klámi getur breytt vitund fólks um hvað sé eðlilegt og hvað sé óeðlilegt. Það sem áður þótti afbrigðilegt er nú orðið daglegt brauð. Framboðið á veraldarvefnum og í fjölmiðlunum slævir siðferðiskenndina. Með þessu móti fellur hugtakið klámvæðing í skuggann vegna þess að fólk fer að hugsa að svona eigi þetta bara að vera. Mikilvægt er að ungt fólk fái heilbrigða kynfræðslu þannig að klámið verði ekki kynfræðsla komandi kynslóða. Án fræðslu getum við staðið frammi fyrir hærri tíðni kynferðisbrota, ójafnréttindi

og því að ungar stúlkur klippa neðan af pilsunum sínum og setja klósettpappír inn á brjóstahaldarana til að þóknast ríkjandi staðalmyndum.

Eftir að hafa skrifað þessa ritgerð og reynt að dýpka skilning minn á hugtökum eins og klám, erótík og feminísku klámi og hvað það er sem skilur þau að, hef ég komist að því að ekkert eitt svar er rétt. Þetta er stór heimur með alls kyns vistarverum þar sem fyrirfinnast allar gerðir af fólki. En í þessum klámheimi sem og öðrum, leynast hættur og það er því mikilvægt að fræða og upplýsa ungt og ómótað fólk þannig að það fái heilbrigða sjálfsmynd og geti greint á milli þess hvað það vill frá því hvað aðrir ætlast til af þeim.

Gildi þjóðfélagsins hafa breyst, áherslan á líkamsmynd, útlitsdýrkun og kynlíf hefur aldrei verið jafn mikil og nú. Sökum klámvæðingarinnar hefur fólk gleymt valmöguleikanum: að velja og hafna. Þorri yngri kynslóðarinnar virðist vera heilapveginn af birtingarmyndum úr dægurménningunni sem óneitanlega vísa í kynferðislegt efni á borð við klám. Börn og unglingar er sá hópur sem er hvað viðkvæmastur fyrir þessum áhrifum. Allir sem hafa aðgang að interneti hafa aðgang að klámi á veraldarvefnum, en það sem yngri kynslóðin gerir sér ekki grein fyrir er að þau hafa ef til vill ekki þroska né dómgreind til þess að skoða klám og fara þar af leiðandi með ranghugmyndir um samskipti kynjanna út í lífið.

Vinnsla þessarar ritgerðar vakti upp margar spurningar sem áhugavert væri að skoða frekar. Sérstaklega væri áhugavert að rannsaka hvernig unglingar, klámkynslóðin sjálf, skilgreini klám og hvort og þá hvernig sú skilgreining er ólík skilgreiningum foreldrum þeirra, og jafnvel ömmum þeirra og öfum. Ég tel mig vera manneskju með gagnrýnan hugsunarhátt og mikla sjálfsvirðingu, en engu að síður klippti ég neðan af pilsunum mínum, setti pappír inn á brjóstahaldarann minn og dansaði í takt við lög Britney Spears og 50cent þegar lögin sátu á topplistanum. Maður er ekki alltaf meðvitaður um hvað maður er að gera. Þegar ég hugsa til baka, hugsa ég af hverju vorum við vinkonurnar að þessu? Af hverju snerist allt um að vera kynþokkafullar? Er þetta dæmi um klámvæðinguna? Þegar öllu er á botninum hvolfst snýst þetta kannski um hvar velsæmis- og siðferðismörk okkar liggja. En hvenær kemur sá dagur sem við drögum mörkin og segjum hingað og ekki lengra? Ég vil vera ég sjálf og stuðla að heilbrigðri og fallettri ímynd konunnar með jákvæðnina í farteskinu og viðhorfsbreytingu sem mun að lokum leiða til betri framtíðar.

Heimildaskrá

- Andersen, M. L. (2006). *Thinking about Women. Sociological perspectives on sex and gender* (7. útgáfa). Boston: Pearson Education, Inc.
- Barnaverndarstofa og Rannsókn og greining. (2006). *Grunnniðurstöður rannsókna: Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun á börnum*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. (2012, 11. september). *Kynlífsspunar kvenna og 50 gráir skuggar*. Sótt 3. janúar 2013 af: <http://knuz.is/2012/09/11/kynlifsspunar-kvenna-og-50-grair-skuggar-2/>
- Dines, G. (2010). *Pornland. How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon press books.
- Dworkin, A. (1981). *Pornography. Men possessing women*. New York: Perigee Books.
- Dworkin, A. (2000). *Against the male flood: Censorship, pornography, and equality*. Í D. Cornell (ritstjóri). *Feminism and Pornography*. Oxford: Oxford University Press.
- Erla Hlynsdóttir. (2010, 27. september). *Klámvæðing hefur alvarlegar afleiðingar fyrir karlmenn*. Sótt 10. nóvember 2012 af: <http://www.visir.is/klamvaeding-hefur-alvarlegar-afleiðingar-fyrir-karlmenn/article/2010560331861>
- Eyrún B. Jónsdóttir. (2002). *Kynferðisbrot og afleiðingar þeirra*. Sótt 12. desember 2012 af: <http://doktor.is/component/k2/item/851-kynferðisbrot-og-afleiðingar-þeirra.html>
- Finnborg Salóme Steinþórsdóttir. (2011, 18. janúar). *Dúkkuleikur eða barnaklám*. Vefritið málgagn ungs félagshyggjufólks. Sótt 12. nóvember 2012 af: <http://vefritid.is/greinasafn/dukkuleikur-e%C3%B0a-barnaklam/>
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2002). Hvað er klám? Vísindavefurinn. Sótt 3. apríl 2013, af: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=2677>
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2007). *Pornography and sex among adolescents in Iceland. Í ung, kön og pornography i Norden [Rafræn útgáfa]*. Kaupmannahöfn: TemaNord.

- Hickman, T. (1999). *Sexual Century: How private passion became a public obsession*. London: Carlton Book.
- Hite, S. (1993). *Woman as revolutionary agents of change. The Hite reports: Sexuality, love & emotion*. Great Britain: Bloomsbury.
- Johanson, S. (1992). *Sex is perfectly natural, but not naturally perfect*. Toronto: Penguin Books.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: heilbrigði ást og erótík*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). *Að dansa á línunni. Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Þjóðarspekillinn. Rannsóknir í Félagsvísindum XII. Stjórn málafræðideild*. Sótt 3. janúar 2013 af: http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindum_XII_Stjornmalafraedideild.pdf
- Kristján Jósteynsson. (2004, 21. janúar). Klámið er allstaðar og erfitt fyrir fólk að forðast það. *Áreiti frá klámi er jafnvel í matvörubúðunum*. Sótt 15. nóvember 2012 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/776300/>
- Linz, D og Malamuth, N. (1993). *Pornography*. Newbury Park: Sage.
- Lust, E. (e.d.) *Bio*. Sótt 13. nóvember 2012 af: <http://www.erikalust.com/bio/>
- Lyrics.com. (e.d.). *I'm a slave 4 you*. Sótt 1. desember 2012 af <http://www.lyrics.com/im-a-slave-4-u-lyrics-britney-spears.html>
- Lyrics.com (e.d.). *Candyshop*. Sótt 1. desember 2012 af <http://www.lyrics.com/candy-shop-lyrics-50-cent.html>
- McQuail, D. (2005). *McQuail's Mass Communication Theory*. London: Sage Publications Ltd.
- May, C. (2011, 22. mars). *Porn made for women by women*. The Guardian. Sótt 7. janúar 2013 af: <http://www.guardian.co.uk/lifeandstyle/2011/mar/22/porn-women>

- Óttar Guðmundsson. (1990). *Íslenska kynlífsbókin*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Pappas, S. (2010). *The History of pornography no more prudish than the present*. Sótt 12. desember 2012 af: <http://www.livescience.com/8748-history-pornography-prudish-present.html>
- Paul, P. (e.d.). *From pornography to porno to porn: How porn became the norm*. Sótt 13. október 2012 af: http://www.socialcostsofpornography.com/Paul_How_Porn_Became_the_Norm.pdf
- Paul, P. (2005). *Pornified: How Pornography is Damaging Our Lives, Our Relationships, and our Families*. New York: Owl Books.
- Rolness, K. (2003). *Sex, lögn og videofilm*. Et usladdet oppgjør med mytene om porno. Oslo: Aschehoug & co.
- Russell, D. (1998). *Dangerous relationships: pornography, misogyny and rape*. California: Thousand Oaks.
- Sigríður Ingvarsdóttir, Bragi Guðbrandsson, Erna Hauksdóttir, Karl Steinar Valsson, Lára Björnsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Þórólfur Þórlindsson. (2002). *Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík: Dómsmálaráðuneyti.
- Smidt, T.B. (2010, 3. apríl). Klám er einfaldlega óhollt. *Fréttablaðið*, bls. 24. Sótt 10. desember af: http://epaper.visir.is/media/201004030000/pdf_online/1_24.pdf
- Smidt, T.B. (2012). *Klám er kynferðisleg áreitni*. Reykjavík: Mannréttindarstofa Reykjavíkurborgar og MARK.
- Stelpur undir þrýstingi. (2002, 8. mars). mbl.is. Sótt 17. desember 2012 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/655978/>
- Sörensen, A. D. (2007). *Generation P?: Youth, gender and pornography*. Porno Chic: *Sex and mainstream og pornography in mass culture*. Copenhagen: Danish school of education Press.
- Tinna Sverrisdóttir. (2012). *Pant vera Barbie: Skopstæling á staðalímyndina, hlutgervingu konunnar og "normið"*. Óbirt BA-ritgerð: Listaháskóli Íslands, Leikarabráut.

Una Sighvatsdóttir. (2012, 16.október). *Klamiðnaðurinn niðurlægir konur*. mbl.is.
Sótt 1. Nóvember 2012 af:
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/10/16/klamidnadirinn_nidurlaegir_konur/

Zillman, D. (2000). Influence of unstrained access to erotica on adolescent's and young adults' disposition towards sexuality. [Rafræn útgáfa]. *Journal of adolescent health*.

Þingskjal 625. (2000-2001). *Skýrsla dómsmálaráðherra um samanburð á Lagaumhverfi á Íslandi og annarstaðar á Norðurlöndunum varðandi löggjöf eftirlit með klámi, vændi o.fl., samkvæmt beiðni*.(2000).(Lögð fyrir Alþingi á 126.löggjafarþing 2000-2001). Sótt 6.apríl 2013 af:
<http://www.althingi.is/altext/126/s/0625.html>